


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

NÝTT BLÁBERJA BRAGÐ

FITULÍTILL - MINNA EN 1% FITA

PRÓTEINRÍKUR-
25G PRÓTEN



NÝTT

HÁMARK LÉTT LEIÐ AÐ SETTU MARKI



Talandi um tilviljanir, er tilviljun að Björgvin Halldórsson, Einar Bárðarson og Hemmi Gunn eigi allir 4969 vini á Facebook?

DANSFLOKKURINN REBEL

Stofnaður: 3. maí 2011

Meðlimir: Linda Ósk, Helga Ásta, Bjarni Fan-nar, Olga Unnarsdóttir, Svavar Helgi, Arnar Orri, Nancy Pantazis og Steven Vu.

Stílar: Street og hip hop en í raun bara það sem okkur dettur í hug.

Mottó: Gerðu það sem þér sýnist. Vertu Rebel!

Á MYNDINA VANTAR UPPREISNARSEGGINA SVAVAR OG NANCY



Uppreisn í Laugardalshöll

Um helgina fara fram prufur í Laugardalshöllinni fyrir nýja íslenska dansþáttaröð, **Dans, dans, dans**. Dansflokkurinn **Rebel**, með **Lindu Ósk** í fararbroddi, ætlar ekki að láta sig vanta þar.

„Við erum búin að æfa okkur í tvær vikur og þetta er klárlega erfiðasta rútinan hingað til. Undirbúningurinn hefur kostað blóð, svita og tár og ég er einmitt tognuð í augnablikinu þannig að ég er tæp fyrir helgina. En við ætlum að taka þetta á næsta stig.“ segir Linda Ósk en hún stofnaði dansflokkinn Rebel ásamt Helgu Ástu. „Við ætlum að koma og sýna hvað við getum. Ef við náum að sýna okkar besta þá held ég að við hljófum að ná að heilla dómnefndina. Vonandi. Við erum búin að setja markið mjög hátt og höfum legið yfir þáttum af So You Think You Can Dance, America's Best Dance Crew og svona.“

Prufurnar fyrir þáttinn fara fram um helgina í nýju Laugardalshöllinni og hefjast stundvíslega klukkan 8:00 á laugardagsmorguninn. Prufurnar eru opnar öllum eldri en 16 ára og geta einstaklingar, pör og hópar með allt að tíu meðlimum skráð sig til leiks og spreytt sig á hvaða danstegund sem er.

Til mikils að vinna

Verðlaunin fyrir sigurrinn eru ekki af verri endanum eða ein milljón króna. „Ef við myndum vinna þessa milljón þá myndum við setja það beint í að byggja flokkinn upp. Við myndum fá okkur flottari búninga og búa til flottari myndbönd. Í stað þess að allir fari og kaupi sér flottar gallabuxur gerum við þetta fyrir hópinn í heild. Allir í flokknum eru miklir einstaklingar en við náum ótrúlega vel saman sem hópur. Framtíðarplanið núna er að byggja upp dansstúdíóið sem við vorum að opna. Viðtökurnar við hópnum voru svo góðar í sumar að við ákváðum að gera eigið stúdíóið. Við erum því búin að vera alveg sveitt við að setja upp spegla í Borgartúninu.“

Linda segir viðtökurnar við stúdíóinu hafa verið mjög góðar enda sé dansmenningin í stöðugri sókn hér á landi. „Þróunin á íslenskri



dansmenningu er mjög jákvæð. Fleiri hafa fengið áhuga á dansi út af öllum þáttunum í sjónvarpinu. Úti í heimi er líka helmingur iðkenda karlkyns en hér hefur alltaf verið skortur á karladönsurum svo það er gaman að sjá að íþróttin er að verða viðurkenndari hjá strákunum. Ég vona að sem flestir láti sjá sig í prufunum því þetta er mjög gott tækifæri fyrir alla dansara.“

Monitor mælir með

FYRIR HÁRIÐ

Nú þegar kólnar í veðri verður húðin oft á tíðum viðkvæmari og því á hársvörðurinn það til að verða þurr. Þá er gott að kaupa sér sterkt sjampó sem nota má einungis einu sinni í viku til að bæta hárléðrið. Einnig er gott að passa að fara aldrei út með blautt hárið.



FYRIR EYRUN

Þrátt fyrir að vera bara 15 ára er Ryan Beatty einkar hæfileikaríkur söngvari. Á YouTube má finna margar ábreiður frá honum en leikarinn Ashton Kutcher tístaði meðal annar myndbandi hans við lagið Waiting On the World to Change. Er hann næsti Justin Bieber?



FYRIR BRAGÐLAUKANA

Inni í glertengibyggingunni á Höfðatorgi er að finna „leynistað“ HaPP þar sem eru bara framreiddar gómsætar og hollar samlokur. Kjúklingur, mangó og hnetusósa er baneitruð samsetning í jákvæðum skilningi. Og ef þú ert heppinn þá er sonur Gísla Rúnars og Eddu Björgvins að afgreiða.

Vikan á... facebook



Heiðar Austmann Þörfin hefur aldrei verið meiri en akkúrat núna að útrýma einelti. Hvet þig til að ganga til liðs við okkur og hjálpa til við að breiða út boðskapinn. Eineltisdagurinn er 1 nóvember 2011.

28. september kl. 10:57



Oddur Snær breaking bad > allt annað sjónvarp

27. sept. kl. 23:57



Kristmundur Axel hver er á bíl og nennir úti skeifu? hehehh langar svo í nýja dvd spólu

26. september kl. 01:24



Maggi Lú Til hamingju thorsarar með evropusætið !! Vel ad thessu komnir !!!! :)

25. september kl. 23:10



Jói Kjartans To this day Wayne Rooney has made 222 appearances for Man Utd and scored 111 goals.

24. september kl. 23:03

Feitast í blaðinu

Sögu Garðars dreymir um að leika Sölku-Völku eða Línu Langs-okk einn dag. >>>4

Íslands- og bikar-meistarinn Kjartan Henry er góður í að skipta um blejgur. >>>6

Kæmist þú í 5.000 vina klúbbinn á Facebook með íslensku celebunum? >>>8

Egill Ólafsson hefur ferðast 30 ár aftur í tímann með tímahylki nokkru. >>>12

Stíllinn kennir þér að klæða þig eins og ofurskútan úr O.C., Rachel Bilson. >>>18

Efst í huga Monitor

Hræðilegar tilviljanir?

Stundum veit ég ekki hvernig ég á að haga mér þegar seitt stykki tilviljun skýtur upp kollinum. Yfirleitt hlær ég nú að þessu öllu saman en stundum liggur við að ég verði hræddur. Það fer jú eftir eðli tilviljananna.

Á mánudaginn fór Monitor-flotinn á Saffran í hádegina og á leiðinni hlustuðum við á hljómplötu hljómsveitarinnar 1860. Sjálfur pantaði ég mér Saffran-kjúkling og sóðavatn og rétti afgreiðslustúlkuinni kortið. „1860,“ sagði afgreiðslustúlkan og átti þá að sjálfsgöðu við upphæðina sem ég skuldaði henni. Við gátum ekki annað en skellt upp úr því að tæpri mínútu áður höfðum við verið að hlusta á hljómsveitina kennda við sömu tölu. Svakaleg tilviljun en hjákátleg.

Fyfir tveimur árum fór ég í Bandaríkjaræisú með Kristjáni vini mínum og dvöldum við þá um langt skeið í New York og á einhverjum tímamarki áskotnaðist okkur einhver frímiði í líkamsræktina Chrunch. Nema hvað að á frímiðanum var alls kyns smátt letur með skilyrðum sem við ekki uppfylltum; við áttum ekki bandarísk skilríki og við vorum ekki að fara að skrifa undir tveggja mánaða samning við líkamsræktarstöðina í framhaldinu. Einhvern veginn tókst okkur

samt að hagræða sannleikanum þannig að við fengum að mæta í ræktina í nokkur skipti án þess að borga. En Colin Sussman, starfsmaður Chrunch var farinn að sjá í gegnum okkur og fór að pressa allsvakalega á okkur að skrifa undir samning við stöðina. Á endanum hættum við að mæta því við vorum orðnir hálfhræddir við Colin.

Íbyrjun þessa mánaðar skrúppum við Kristján svo aftur til New York. Þá einmitt rifjuðum við upp hvað þetta hefði verið fyndið allt með hann Colin. Svo þegar við erum á heimleið og erum í biðröð við öryggishliðið sjáum við glitta í ansi kunnuglegt andlit, Colin Sussman var mættur í ferðagallanum sínum. Við hlógum frekar mikið án þess að láta hann þó sjá það og svo hélt hann sína leið. En þegar við erum svo að stíga um borð í Ícelandair-vélina sjáum við umræddan Colin í makindum sínum frammi í Saga Business Class. Daglega fara rúmlega 350 flugvélar í loftið á JFK-flugvellið en hann var að fara í akkúrat sömu vél og við. Þá fyrst fór hrollur um mig og ég hugsaði hvaða skilaboð þetta væru eiginlega. Kannski eitthvað æðra að segja mér að svíkja aldrei aftur út fría tíma í líkamsrækt.

jry

NÆSTA LÍNA LANG- SOKKUR

Saga Garðarsdóttir er á sínu síðasta ári sem leiklistar-nemi í Listaháskólanum og leikur þessa dagana í verkinu Á botninum ásamt bekkjarsystkinum sínum.

Hvenær áttaðir þú þig á að þú vildir verða leikkona? Það var mjög snemma, einhvern tímann þegar ég var að bulla lygasögur. Ef þú þarft nákvæman aldur þá segi ég: Ég var sex og hálf þegar ég byrjaði að leika og ég fílaði það.

Þið í Nemendaleikhúsinu frumsýnduð verkið Á botninum síðasta föstudag. Hvernig voru viðbrögðin? Viðbrögðin voru fín. Þetta er rosa langt verk en þegar lukkast vel til þá er það mjög þétt og skemmtilegt. Þýðingin er eftir Megas svo sýningin inniheldur bæði skemmtilega hallærislega úrelta frasa og ógeðslega fyndnar og kjarnyttrar setningar. Þetta er náttúrulega rússneskt, heví, félagslegt raunsæisdrama en þetta er kómískt um leið. Pabbi sagði: „Þetta var ágætt hjá ykkur en þið hefðuð mátt syngja meira.“ Hann pabbi, rafmagnstæknifræðingurinn, hann elskar söngleiki.

Hvernig persónur finnst þér skemmtilegast að leika? Mér finnst yfirleitt skemmtilegast að leika persónur sem taka sig mjög alvarlega en eru, að sama skapi, mjög bjánalegar.

Áttu þér eitthvað draumahlutverk? Í augnablikinu er Salka Valka draumahlutverk. Lína Langsokkur er líka draumahlutverk og ég krossa fingur og vona að leikhússtjórnir séu bara að bíða með það hlutverk fyrir mig (hlær). Sigurður Þór, bekkjarbróðir minn, getur leikið Niels.

Svo ertu í uppistandinu líka. Ertu með einhver langtímaplön þar eða er það meira til gamans gert? Mig langar ótrúlega að taka uppistandið mjög alvarlega og gera það ógeðslega vel. En mig langar einnig að gera skólann vel og búa til öðruvísi leikhús líka. Fókusinn er því svolítið þar núna en svo veit ég ekki hvernig það verður eftir útskrift. Mig langar einhvern tímann að gera eitthvað ótrúlega gott uppistand.

Er eitthvað uppistand sem er þér efst í huga? Já, þegar ég fór á fjölskylduhátíð á Hvammstanga í sumar. Það gekk ágætlega miðað við að allir voru að einbeita sér að því að borða pulsir og hoppa í loftkastölum um miðjan dag og lítið að hlusta. Nema hvað að svo fékk ég kvörtunarbréf um hvað brandararnir mínir væru óviðeigandi og mannskemmandi fyrir börnin. Það kom síðar í ljós að þau vildu ráða trúð en héldu að þetta væri sambærilegt. Það getur verið ótrúlega skemmtilegt að fá kvörtunarbréf og sjá hvers fólk krefst af manni og gerir ráð fyrir að fá, það er oft mjög forvitnilegt.

Hvað er það besta/sísta við að vera í Listaháskóla Íslands? Það besta er félagsskapurinn en það sísta er skorturinn á húsnæði.

Hvernig leggst lokaárið í þig?

Maður er náttúrulega búinn að stefna að þessu síðustu þrjú ár og það fer skemmtilega af stað og ég held að það endi líka í stakri sníld. Þá fáum við Jón Atla til að skrifa með okkur og Una Þorleifs mun leikstýra. Það verður verk unnið upp frá okkur sjálfum og ég er alltaf hrifin af því sem maður fær að vinna sjálfur, fær að búa til alveg sjálfur. Svo erum við að fara að skrifa BA-ritgerð en þær eru voða stuttar hjá okkur. Við erum líka þekkt innan Háskólans fyrir að vera með ömurlegar ritgerðir, enda erfitt að kryfja eitthvað til mergjar í 50 orðum.

jrr

SAGA GARÐARS

Fyrstu sex: 060887.

Skólastig: 4. ár í leiklistardeild Listaháskóla Íslands.

Hárlitur í augnablikinu: Dökkbleikur fyrir hlutverkið í sýningunni.

Uppáhaldslitur: Gulur í augnablikinu.

Uppáhalds Disney-persóna: Simbi eða Múfasa, eiginlega Múfasa.

Æskudraumur: Að komast á Olympíuleikana.

Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir

Starf: Snyrtifræðingur

Áhugamál: Fitness

Egils



SVARAÐU ÞORSTANUM

V BRENNSLA er nýr, bragðgóður og hitaeiningasnaður íþróttadrykkur. Hann inniheldur L-Karnitín og vítamín, sem hjálpa þér að ná markmiðum þínum.

- ✓ Af hverju að drekka hitaeiningarnar sem þú varst að brenna?
- ✓ Fáðu þér svalandi V BRENNSLU og náðu enn betri árangri

Innihald í 500 ml

Niasín 12 mg	Fólasín 150 µg	Biótín 37,5 µg	B5 4,5 mg	B6 1,05 mg	B12 1,9 µg
75%	75%	75%	75%	75%	75%

L-KARNITÍN
1000 mg
í hverri flösku

Hlutfall af ráðlögðum dagskamti

JAFNGÓÐUR

Í AÐ SKIPTA UM KANT OG BLEIUR

Kjartan Henry Finnbogason er markahæsti leikmaður Íslands- og bikarmeistaraliðs **KR-inga** á tímabilinu sem senn er afstaðið. Hann segir það æskudraum að vinna tvöfalt og segist flinkur í bleiuskiptingum.

Hvernig er tilfinningin að ganga um götur Reykjavíkur sem Íslands- og bikarmeistari í knattspyrnu?

Hún er bara frábær. Undanfarnir dagar eru búnir að vera mjög skemmtilegir og allir eru mjög spennir fyrir laugardeginum, að klára tímabilið vonandi með sigri á Hlíðarenda.

Þú varst þrettán ára þegar KR vann tvöfalt sumarið '99. Hefur þetta verið markmiðið allar göngur síðan?

Já, þetta er búið að vera draumurinn lengi. Það var einn skemmtilegasti dagur lífs míns þegar KR vann '99. Maður gleymir því seint, maður fór á Rauða ljónið og sá Gumma Ben, Einar Þór og allar þessar hetjur, það var allt stappað, sungið fram á nótt og maður mátti vaka lengur. Við liðsfélagarnir sem upplifðum það ætlum að reyna að endurskapa þá stemningu á laugardaginn.

Þú varst átján ára þegar þú hélt út til Celtic í atvinnumennskuna og eftir það komst þú við í nokkrum liðum í Skotlandi og Noregi. Hvernig kunnir þú við lífið sem atvinnumaður?

Það var mjög skemmtilegt þótt það hafi kannski verið erfiðt að fara svona ungur frá fjölskyldu, vinum, kærustu og öllu. Skotland er samt ekkert ýkja langt í burtu og maður fékk margar góðar heimsóknir. Það var skemmtilegur tími að vera hjá stórlíði, æfa með stórstjórnunum og sjá hvernig þetta virkar allt. Að koma aftur í KR var bara eitthvað sem gerðist af því að þetta var kannski ekki alveg búið að ganga upp eins og maður ætlaði sér en ég sé aldeilis ekki eftir því í dag.

Sagan segir að þú sért nokkuð liðtækur píanisti. Stóð aldrei til að þú legðir tónlistina fyrir þig frekar en boltann?

Ég veit það nú ekki, ég æfði í sex ár og kláraði fjögur stig en var svo latur að æfa mig og fannst ekki alveg nógu skemmtilegt að spila þessa tónstiga og klassísku lög. Á unglingsaldri gafst ég upp og fannst miklu skemmtilegra í fótbolta.

Þú átt tæplega eins árs dóttur. Hvort ert þú betri í að skipta um kanta eða að skipta um bleiur? Gætir þú gert bæði á sama tíma?

Þetta er frekar erfið spurning því ég er mjög góður í báðu. Ætli ég sé ekki bara jafnvígur. Þessa dagana neitar hún að vera kyrr, það er tveggja manna djögg að skipta á henni, svo ég gæti ábyggilega ekki gert bæði í einu.

Segjum sem svo að þú myndir eignast son á morgun og kærastan þín færi fram á að drengurinn yrði skírður Valur. Hver yrðu þín viðbrögð?

Það kæmi ekki til greina, bara ekki séns og ég myndi alveg pottþétt fá mínu framgengt í því.

Ef KR yrði af einhverjum völdum lagt niður á morgun, til hvaða liðs myndir þú þá ganga?

Þetta er erfiðasta spurning sem ég hef fengið. Ætli ég myndi ekki bara hætta í fótbolta, það er að segja ef ég kæmist ekki til útlanda.

Hvað er framundan?

Það er að klára leikinn á laugardaginn og hafa svolítið gaman í nokkra daga eftir það. Ég held að það sé frí eftir það og þá kemst maður vonandi til útlanda með fjölskyldunni að slaka á og rífa upp skemmtilegu minningar sumarsins. Hvað atvinnumennsku varðar er ég svo sem ekkert búinn að gefast upp. Ég er kannski ekki beint ungur lengur en ég á helling inni og Rúnar Kristins er búinn að gera mig að betri fótbolta-manni svo það væri gaman að komast aftur út.

elg

HVER Í KR-LIÐINU ER...

...fyndnastur? Hrórar Sigurðsson.

...verst klæddur? Þetta verður viðkvæmt, ég segi Dofri Snorrason.

...latastur? Ég sjálfur.

...klikaðastur? Gunnar Örn Jónsson.

...efnilegastur? Bjarni Guðjónsson.

...besti söngvarinn? Það hefur ekki reynt mikið á það en ég hugsa að liðsfélagarnir vilji meina að það sé ég.

...besti dansarinn? Viktor Bjarki Arnarsson.

...mesti vælukkjóinn? Viktor Bjarki Arnarsson.

KJARTAN HENRY

Fyrstu sex: 090786.

Uppáhaldsmatur: Lasagna hjá mömmu.

Uppáhaldsknattspyrnumaður fyrr og síðar: Eric Cantona.

AVRIL LAVIGNE™

Wild Rose

Dare To Discover More

www.avril-lavigne-perfumes.com

www.avrillavigne.com



LOGI GEIRSSON

Fyllti kvótann einn, tveir og bingó

Hvernig notar þú helst Facebook-síðuna þína?

Ég er aðallega með þetta til að fylgjast með vinum og fjölskyldu og hvað er að gerast hjá þeim. Maður er náttúrulega núna í níu til fimm starfi svo maður er kannski ekki í sömu samskiptum við alla og þegar maður var atvinnumaður. Þess vegna er þetta mjög þægilegt fyrir mig til að geta haldið sambandi við alla. Fyrir svona fólk eins og mig sem er svolítið athyglissjúkt þá getur samt verið mjög gaman að vera á þessu og setja eitthvað inn um sjálfan sig. Ég var með blogg síðu í gamla daga og þetta tók hálfpartinn við af því, maður kom öllum upplýsingunum til skila í gegnum Facebook.

Notar þú Facebook í vinnunni?

Það er nú kannski ekki vel séð að maður sé mikið inni á þessu í vinnunni en þetta er samt líka hörkuviðskiptatæki og tengslanet. Það virðast allir vera með kveikt á þessu og oft er Facebook auðveldasta leiðin til að ná í fólk. Þetta hefur sína kosti og galla, maður verður bara að passa að verða ekki háður þessu.

Þú ert einkapjálfi og ert þar af leiðandi væntanlega duglegur í ræktinni. Ert þú mikið að skrifa „statusa“ um hvað þú varst duglegur í ræktinni á hverjum degi?

Nei, ég get nú ekki sagt það. Eftir að ég hætti hef ég líka slaufað mér svolítið út úr öllum þessum æfingum. Maður var náttúrulega búinn að vera að æfa tvisvar á dag í tíu ár liggur við og síðan ég hætti í sumar þá hefur það hálfpartinn liðið undir lok. Ég ákvað að taka mér smá frí frá þjálfun og íþróttum og ætla svo bara að byrja þegar maður er ferskur, maður á bara að gera þá hluti sem manni finnst skemmtilegastir hverju sinni.

Hvað heldur þú að þú myndir heilsa stóru hlutfalli vina þinna á Facebook úti á götu (í prósentum talið)?

Ætli það séu ekki svona fimm prósent kannski. Ég heilsa samt að sjálfsgöðu öllum Facebook-vinum mínum sem heilsa mér á undan en ég er kannski ekki alveg með það á hreinu hverjir eru vinir manns og hverjir ekki.

Hvenær fékkst þú þér Facebook?

Ég var alveg með þeim síðustu sem fékk sér Facebook, að mér fannst. Ég var alltaf bara sáttur á MySpace og með blogg síðuna en svo fékk ég mér síðu eftir Ólympíuleikana 2008 og fljótlega fékk ég 15.000 vinabeiðnir og samþykkti bara alla sem „ödduðu“ mér og ég var ekkert að þæla í einu né neinu og fyllti vinalistann bara einn, tveir og bingó. Eftir sátu 10.000 vinabeiðnir sem ég gat ekkert gert við og þar á meðal voru fullt af alvöruvinum mínum og þetta hef ég aldrei náð að lagfæra.

Ertu þá ennþá með þessar 10.000 vinabeiðnir óhreyfðar?

Fjöldinn hefur reyndar minnkað, eins og þær eyðist með tímanum, og eru núna í 7.500. Eða ég held að þær eyðist, nema að fólk hafi orðið leitt á því að biða og tekið vinabeiðnina til baka (hlær).



SKYNDILEGA LOGAÐI ALLT AF VINABEIÐNUM

Mynd/Golli

Fljótlega fékk ég 15.000 vinabeiðnir og samþykkti bara alla sem „ödduðu“ mér

5.000 vina klúbburinn

Eins og flestum er kunnugt er mest hægt að eiga 5.000 vini á Facebook. Monitor gróf upp þjóðþekkt andlit sem hafa fyllt vinakvótann sinn á þessari vinsælustu samskiptasíðu heims.

Í lifanda lífi þykir gott að eiga marga að og vera vinamargur. Hvort það eigi einnig við á Facebook má eflaust deila um. Nokkrir Íslendingar hafa gerst svo frægir að fylla vinakvótann sinn á Facebook en síðan býður mest upp á að einstaklingar eigi 5.000. Hér má líta lista af fólki sem boðið yrði að ganga í 5.000 vina klúbbinn, klúbb yfir vinsælustu Íslendingana á Facebook. Eins og glöggir taka eftir eiga fæstir þeirra þó nákvæmlega 5.000 vini enda þykir sennilega flestum best að eiga eitthvað pláss eftir á síðunni sinni til senda sjálfir út vinabeiðnir. Tekið skal fram að listinn er ekki tæmandi. elg



VALA GRAND



EINAR BÁRÐAR



ERPUR



HEMMI GUNN



FRÍÐRIK ÓMAR



HERA BJÖRK



FRÍÐRIK DÓR



SIMMI

ANNÍE MIST ÞÓR

Fær krípi töl

Hvernig notar þú helst Facebook-síðuna þína?

Séinasta árið hef ég notað hana mest sem auglýsingatæki fyrir mig sjálfa.

Hvað heldur þú að þú myndir heilsa stóru hlutfalli vina þinna á Facebook úti á götu (í prósentum talið)?

Ætli það séu ekki svona tíu prósent.

Hefur þú haft einhverja ákveðna stefnu gagnvart vinabeiðnunum sem þú færð? Samþykkir þú allar?

Þegar ég byrjaði með Facebook þá samþykkti ég bara fólk sem ég þekkti vel og fólk sem ég myndi til dæmis heilsa úti á götu. Síðan fór maður að segja meira og meira „já“ við fólk sem tengdist cross-fit og þá byrjaði ég smám saman að vera með þá reglu að fólk þyrfti að eiga að minnsta kosti tíu vini sameiginlega með mér. Síðan fór mér að finnast hálfðónalegt að segja „nei“ við fólk sem átti kannski átta eða níu sameiginlega vini svo á endanum fór ég að samþykkja alla.

Finnur þú fyrir pressu að eiga svona marga vini á Facebook, til dæmis að þú þurfir alltaf að vera sniðug?

Nei, alls ekki þannig. Þetta er miklu meira áreiti samt heldur en áður en maður átti svona marga vini þarna. Maður er að fá svo mikið af tölvupóstum frá fólki þannig að ég er eiginlega búin að gefast upp á að svara þessu öllu. Ég reyni að svara öllum Íslendingum sem senda mér póst á Facebook en ég er hætt að svara öðrum.

Fyrir á árinu var gerð rannsókn í Skotlandi sem benti til að fólk sem ætti fleiri vini á Facebook væri almennt stressaðra heldur en það fólk sem á færri vini. Finnur þú fyrir þessu?

Ég held að ég sé nú ekki stressuð manneskja vegna Facebook, ég held að það sé ýmislegt annað sem hefur áhrif á stressþáttinn hjá mér (hlær).



Síðan hrundi ekki og það er voðalega gaman að eiga afmæli á Facebook.

KRISDÓTTIR

tvupósta

Hefur þú þurft að eyða einhverjum út af Facebook til búa til pláss fyrir aðra?

Já, ég hef verið svolítið í því. Þá hef ég valið út fólk sem hefur sent mér krípí pósta, ég eyði þeim fyrst út og hleypi frekar inn nýjum alvöruvinum (hlær). Maður fær svona mjög furðulega tölvupósta annað slagid.

Hver er hæsti fjöldi vinabeiðna sem hefur beðið þín þegar þú hefur skráð þig inn?

Ætli það hafi ekki verið 400, eftir að ég vann heimsleikana. Ég fór ekki inn á Facebook í tvo daga og þá safnaðist þessi fjöldi upp.

Þú áttir afmæli í mánuðinum. Hrunði Facebook-ið þitt ekki vegna ofálags þegar afmæliskeðjurnar hrönnuðust inn?

Þetta var reyndar svona nett þirrandi því ég fæ svona sendingu í símann minn þegar einhver skrifar á vegginn minn á Facebook þannig að ég endaði á að slökkva á því. Nei, nei, það hrunði ekki og það er voðalega gaman að eiga afmæli á Facebook, það eru greinilega margir sem hugsa til manns þar. Þá sér maður að þetta fólk er ekki bara að adda manni af því að það kannast við myndina af mér eða eitthvað, það er að skoða síðuna manns, og þá er síðan nytsamleg.



facebook 4901

ANNÍE MIST-I SIG ALVEG | FACEBOOK-GLEÐINNI

facebook



STEINDI JR.

facebook 4698



BÖ

facebook 4969



JÓNÍNA BEN

facebook 5000



HALLGRÍMUR

facebook 4980



KRISTMUNDUR

facebook 4942



SVEPPI

facebook 4670



ARNAR GRANT

facebook 4647



FELIX

facebook 4856



EMMSJÉ GAUTI

facebook 4993



SVEINN ANDRI

facebook 4971



DAGUR B

facebook 4992



HAFFI HAFF

facebook 4817

JÚLÍ HEIÐAR HALLDÓRSSON

Hafnaði tappalegum gaurum

Svo virðist vera sem þú eigir tvo aðganga á Facebook sem báðir eru fullir. Hvernig stendur á þessu?

Ég eiginlega veit það ekki alveg. Það byrjaði einhvern veginn þannig að krakkar sem ég var með í dansi úti í Noregi bjuggu til Facebook handa mér og svo varð Facebook náttúrulega geðveikt vinsælt svo skyndilega var ég kominn með 200 vini en svo gleymdi ég þessu dæmi alveg. Svo fór ég að gefa út tónlist og svona og þá fóru krakkar sem vildu skoða mig og kynnast mér og tónlistinni að adda mér og áður en ég vissi af var þetta komið upp í 5.000 einstaklinga. Þar af voru kannski 10% vinir manns. Síðan leist mér eiginlega svo ótrúlega vel á þetta af því að þetta virkaði svo vel upp á auglýsingar og þá bjó ég til nýjan aðgang. Þetta hefur eiginlega bara gerst óvart.

Notast þú við báðar síðurnar?

Ég nota báðar alveg helling en svo til að toppa þetta allt þá er ég kominn með þriðju síðuna. Hún er reyndar bara fyrir vini, mjög nána vini. Maður hefur alltaf verið að breyta nafninu á henni, fyrst var það „Júli Heiðar“ en núna er það „Heiðar Halldórsson“. Sú síða verður samt ekki fyllt, nema að ég verði alveg ógeðslega góður vinur þannig að allir vilji verða vinir mínir.

Hvað heldur þú að þú myndir heilsa stóru hlutfalli vina þinna á Facebook úti á götu (í prósentum talið)?

Svona sjö prósentum í mesta lagi.

Hefur þú haft einhverja ákveðna stefnu gagnvart vinabeiðnum sem þú færð? Samþykkir þú allar?

Á tímabili samþykkti ég aldrei vinabeiðnir frá svona tappalegum gaurum sem voru hugsanlega að fara að drulla yfir mig á Facebook þannig að það var komið út í það að ég samþykkti bara beiðnir frá stelpum. Svo breyttist það allt og ég fór að samþykkja allar vinabeiðnir.

Finnur þú fyrir pressu að eiga svona marga vini á Facebook, til dæmis að þú þurfir alltaf að vera sniðugur?

Ekki beint, eða kannski stundum. Mér finnst hins vegar aðallega leiðinlegt þegar maður fer inn á Facebook og þá opnast spjallið og kannski tuttugu blikkandi gluggar og maður þarf að svara öllum. Síðan ef maður svarar ekki, þá fær maður einhver komment á vegginn þar sem fólk segir: „Þú ert nú meiri fávittinn, svarar aldrei!“. Það finnst mér leiðinlegt.

Hefur þú þurft að eyða einhverjum út af Facebook til búa til pláss fyrir aðra?

Já, ég hef nú lent í því en þá eyði ég bara einhverjum. Eins og ég segi þá þekki ég örugglega bara svona 7% af vinum mínum á Facebook svo ég finn bara einhvern sem ég þekki ekki, sem er mjög auðvelt, og eyði honum.

Hver er hæsti fjöldi vinabeiðna sem hefur beðið þín þegar þú hefur skráð þig inn?

Mig minnr að ég hafi verið með einhverjar 300 vinabeiðnir eftir að við unnum Söngkeppni framhaldsskólanna.



facebook 4999

VINAKVÓTAR HINDRA JÚLÍ EKKI FRÁ ÞVÍ AÐ EIGNAST VINI



TÓNLIST, KYRNTYDJAIR, SJÓVAÐ, LÆRISÓL, LITTA, DRÖTTIR, MATUR OG ALLY ANNA

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Þorbjörg Marínósdóttir
Á forsiðu: 24. júní 2010
Fyrirsögn viðtals: „Hvað gerir fíflíð næst?“

Síðan ég var á forsiðunni hefur lífið verið gott flipp. Nýja bókin mín Lýtalaus sem kom út nýlega hefur selst eins og heitar lummur en ég veit allt um heitar lummur þar sem ég sit sveit á Dubæiskum bar og er að borða eina slíka með lappann í sveittum tönudum höndum mínum og undirby næsta þátt en ég var að starta nýjum þætti á SkjáEinum sem heitir því frumlega nafni Tobba og er á miðvikudagskvöldum kl. 21:45. Þetta er mjög hress þáttur þar sem bæði er tekið á alvarlegum málefnum á borð við kaupfíkn, neysluhyggju og í síðasta þætti fór ég upp á Litla-Hraun og kynnti mér það hvernig það er að vera aðstandandi fanga. Þrátt fyrir málefnalega umræðu þá er alltaf gott flipp í lokin þar sem Lilja Katrín Gunnarsdóttir frikar út. Um daginn kenndi hún Sigmundi Davíð að tala inn á teiknimynd! Okei, það er orðið of heitt - bæ! P.s. Vissuð þið að það er áfengisbann í Dúbæ og hér er enginn eldri en 40 ára?!



LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson
 til johannalfred@gmail.com
 dagsetning 26. september 2011 12:06
 titill LOL-mail Monitor

Sæll þú hnyttni hnokki Sveinbi a.k.a Hermigervill skoraði á þig. Endilega hentu á okkur einum góðum og skoraðu svo á næsta. Takk, takk

Já, heilir og sælir bræður og systur á Mónitor. Er það ekki alltaf svo í þessum brandarfræðum eins og öðrum að „Less is more“ Þessi finnst mér ansi góður.

Tvær múffur eru að bakast inn í ofni. Önnur múffan snýr sér að hinni og segir, „Djöfull er orðið heitt hérna inni“. Hin múffan svarar, „Guð minn góður! Þú talar!“

Ég skora hér með á Þórhall Þórhallsson, uppstandara og sprelligosa til að toppa þetta rándýra múffudjók.

Yfir og út.
 Jóhann Alfreð



KÓNGAR LISTANNA

Eitthvað er að virka

Of Monsters and Men eru að tröllríða íslenskri dægurmenningu þessa dagana. Trymbill sveitarinnar, Arnar Rósenkranz Hilmarsson, læddist út úr tíma til að segja Monitor frá því hvað honum finnst um alla velgengnina. „Þetta kemur rosalega mikið á óvart. Þetta er eiginlega fáránlegt. Tímasetningin á útgáfunni er vissulega góð enda lagið búið að vera mikið spilað á öllum útvarpsstöðvunum. Mér finnst bara skrytið að platan seljist svona vel. En kemur svona ekki alltaf á óvart?“ Uppselt er á fyrri útgáfutónleika sveitarinnar og örfáir miðar eru

eftir á aukátónleikana. „Það var líka fáránlegt hvað seldist fljótt upp af því að við vorum ekki byrjuð að auglýsa tónleikana nema bara aðeins á Facebook. Þannig að við ákváðum að halda aðra og það er nánast uppselt á þá líka. Þetta er bara sama sagan og með plötuna, við skiljum þetta ekki alveg. Það er greinilega eitthvað að virka sem við erum að gera.“ Spurður um framhaldið brá Arnar sér í líki knattspyrnumanns. „Nú er stefnan bara sett á að hirða þrjú stig í næsta leik eða selja þrjár plötur á næstu tónleikum eða eitthvað.“



ELTI HRELL IRINN



Emmsjé Gauti
 @emmsjegauti REYKJAVÍK CITY
 BARA ÉG er klassið, náðu þér í hana

emmsjegauti Emmsjé Gauti ég faceplantaði svo harkalega á tónleikum áðan...
 24. september kl. 6:48

emmsjegauti Emmsjé Gauti það er pissulykt af euroshopper núðlum #samtgott
 24. september kl. 13:26



gigja89 Gígja Guðjónsdóttir Ræktin í hádeginu a sunnudegi #sjaldséd og enginn sjáanlegur yfrog.com/kjt6ixcj
 25. september kl. 13:06

emmsjegauti Emmsjé Gauti @gigja89 28 days later stemning
 25. september kl. 14:20

emmsjegauti Emmsjé Gauti BITCH BETTER SLEEP CUS SHE KNOW I PLAY NINTENDO - lil b
 25. september kl. 14:39

gigja89 Gígja Guðjónsdóttir Afmæli hjá litlu bró #flootarkökur #party yfrog.com/nwdb0fj
 25. september kl. 16:04



emmsjegauti Emmsjé Gauti @gigja89 ég vil svona köku...
 25. september kl. 18:18

emmsjegauti Emmsjé Gauti

3 fyrir 1 á vegamótum er svo vond hugmynd #samtsvogóð
 25. september kl. 18:19

emmsjegauti Emmsjé Gauti faceplant á tónleikum youtube.com/watch?v=t0QiW...
 27. september kl. 11:21

emmsjegauti Emmsjé Gauti @unistefson það er kúl að hafa faceplantað á sviði #reynslan
 28. september kl. 02:40

@unistefson Uni Stefson @emmsjegauti youtube.com/watch?v=LPOR77...
 27. september kl. 20:24

emmsjegauti Emmsjé Gauti Video tókur á morgun.. Okkar leið feat. Frikki Dór
 28. september kl. 03:32

sverrir87 sverrir sverrisson Fifa 12 klukkan 21:00!
 28. september kl. 10:33



DÝRARI TÝPAN AF MINI ME

Líkar þér líkanið svona vel?

Sumir eru haldnir mikilli bifreiðaþrá og dreymir fólk þá oft um að eignast fallega bíla á borð við Lamborghini Adventador. En þar sem slíkir bílar kosta yfirleitt himinháar upphæðir verða menn oft að láta sér nægja líkan af bílnum uppi í hillu því slík fyrirbæri eru yfirleitt talsvert ódýrari. Það er aftur á móti ekki hægt að segja um líkanið sem Robert Gülpén hannaði. Þar hefur hann komið fyrir sætum, ljósum og stýri úr demöntum,

dekkjum skreyttum með gulli og plátinum og fullkomlega mótaðri yfirbyggingu úr trefjaefni. Þessi klikkaða hönnun veldur því að líkanið, sem er átta sinnum minna en bíllinn sjálfur, er tólf sinnum dýrara en fyrirmyndin. Vonandi ert þú ekki haldinn of mikilli bílalíkanasöfnunarárættu því eitt stykki kostar tæpar 5 milljónir Bandaríkjadollara eða tæplega 560 milljónir króna. En hafir þú áhuga þá þér líkanið á uppboð í desember.



LAGALISTINN

Vikan 22. - 29. september 2011

- 1 **Of Monsters And Men** Little Talks
- 2 **Mugison** Stingum af
- 3 **Adam Levine / Christina Aguilera** Moves Like Jagger
- 4 **Jón Jónsson** Wanna Get In
- 5 **Elin Ey / Pétur Ben** Þjóðvegurinn
- 6 **Foster The People** Pumped Up Kicks
- 7 **Adele** Set Fire To The Rain
- 8 **Lady Gaga** You And I
- 9 **Red Hot Chili Peppers** Adventures Of Rain Dance
- 10 **Coldplay** Every Teardrop Is A Waterfall

HAM Dauð hóra **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna** Ég skal bíða þín **Bubbi Morthens** Slappaðu af **Rihanna** Cheers (Drink To That) **Cee Lo Green** Cry Baby **Mannakorn** Á meðan sumar framhjá fer **Valdimar Brotlentur** **Björgvin, Jóhanna Guðrún og Hjartagosarnir** Er það ást? **Bruno Mars** Merry You **Brynjár Már** Breakaway **Chris Medina** What Are Words **Múgsefjun** Sendlingar og sandlóa **Steindi JR / Bent / Matti Matt** Gull af mönnum **HAM** Ingimar **Coldplay** Paradise **The Wanted** Glad You Came **JLS / Dev She** Makes Me Wanna **1860** Orðsending að austan **Bubbi Morthens** Háskaleikur **Á móti só!** Ég veit ekki hvar ég er

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



TÓNLISTINN

Vikan 22. - 29. september 2011

- 1 **Of Monsters And Men** My Head Is An Animal
- 2 **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna** Ég vil fara upp í sveit
- 3 **Jón Jónsson** Wait For Fate
- 4 **HAM** Svik, harmur og dauði
- 5 **Gus Gus** Arabian Horse
- 6 **Valdimar** Undraland
- 7 **Björk** Gling gló
- 8 **Úr söngleik Borgarleikhússins** Galdrakarlinn í Oz
- 9 **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna** Þú komst í hlaðið
- 10 **Adele** 21

Sóley We Sink **Helgi Björns & reiðmenn vindanna** Riðum sem fjandinn **Bubbi** Ég trúí á þig **Björgvin & Hjartagosarnir** Leiðin heim **Skálmöld** Baldur **Ymsir** Stuð stuð stuð **Lockerbie** Ólgusjór **Skoppa og Skríttla** Á söngferðalagi **ADHD** ADHD 2 **Óðinn Valdimarsson** Er vóllur grær **Justin Bieber** My Worlds **Ourlives** Den of Lions **Sigur Rós** Ágætis byrjun **Dikta** Get It Together **Harry og Heimir** Morð fyrir tvo **Steindinn okkar** Án djóks... samt djók **Snorri Helgason** Winter Sun **Víkingur** Heiðar Ólafsson Bach / Chopin **FM Belfast** Don't Want To Sleep **Sigur Rós** Með suð í eyrum við spilum endalaust


*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur söluútlitir síðastliðinnar viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.

blink

Party in your pocket!



Sykur-
laust



Fjólublátt BLINK – sólberja
Þessi spennandi berjablanda með angan af piparmyntu er í uppáhaldi hjá svo mörgum enda hressir hún hraustlega og vökvar bragðlaukana þína.



Grænt BLINK – með grænum eplum
Safaríkur, safaríkur og safaríkur keimur af grænum eplum – súr, en ekki of súr því hann er í einstöku sambandi við myntuna. Þessi blanda lætur ferskleikann flæða um munninn.



Svart BLINK – saltlakkrís
Þetta er lakkrísblanda sem nær hinu fullkomna jafnvægi – ekki of sæt og ekki of sölt. Þegar þú byrjar á þessum verður erfitt að hætta...



Appelsínugult og rautt BLINK – Ferskju-berja
Algjörlega ný og fersk blanda sem þú hefur ekki upplifað áður. Aðalbragðið kemur úr jarðarberjum – en það er umvafið ferskjum til að skapa einstaka upplifun. Prófaðu! Þú átt eftir að elska það!



Blátt BLINK – piparmyntu
Algjörlega sígilt bragð og í fullkomnu jafnvægi til að hressa þig og munninn þinn við. Ekki of sterkt bragð en heldur ekki of flatt – heldur nákvæmlega eins og hin fullkomna mynta á að bragðast!

www.blinkmints.com
Finndu okkur á [facebook.com/blinkmyntur](https://www.facebook.com/blinkmyntur)



Blýstendur til lífsins og tilverunnar

Egill Ólafsson hefur um árabíl verið einn vinsælasti poppsöngvari landsins án þess þó að vera hrifinn af popptónlist sem slíkri. Hann leikur nú í **Alvöru mönnum** sem hann kveðst svo ánægður með að hann mætir til vinnu á hverjum morgni fullur tilhlökkunar.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Gollí

einar@monitor.is
gollí@mbl.is

Egill Ólafsson hefur verið iðinn við kolann í tón- og leiklist hérlandis í 37 ár. Hann hefur farið fyrir vinsælustu hljómsveitum landsins og leikið aðalhlutverk í einni ástælustu kvikmynd Íslands, Með allt á hreinu, sem Egill segist sjálfur aðeins hafa séð tvisvar. Um þessar mundir fer hann með hlutverk í sýningunni Alvöru menn, sem er að hans sögn sviðsetning sem lítill, samheldinn hópur góðra drengja stendur að í Austurbæ. Leiðarljósið er jákvæðni og leikgleði. Samstarfið við hópinn segir hann forréttindi sem felast í því að mæta til vinnu hvern einasta morgun fullur af spenningsi og tilhlökkun.

Sem leikari og söngvari byggir þú atvinnu þína á röddinni. Ert þú fyrir vikið alltaf með trefil og drekkur te í gríð og erg?

Ég er meðvitaður um að afkoma mín og hamingja byggir á röddinni og því reyni ég að fara vel með hana. Á álagstímum reyni ég að sofa vel, það er regla númer eitt. Áfengi er bannað, til að tala hreint út um það og reykingar eru auðvitað ekki á dagskrá. Röddin er afskaplega lítið og viðkvæmt hljóðfæri, það er ekki nema upp á nokkra millímetra, og það er mjög berskjaldað fyrir alls kyns sýkingum og hnjaski. Til þess að röddin sé í toppformi, þarf að stunda reglusamt líferni, annars er hætt við að tónninn verði bjagaður og óhrein.

Þú varst einn af fjórmeningunum í Spilverki þjóðanna sem varð til í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hvernig týpa varst þú í menntaskóla?

Feiminn og hafði mig frekar lítt í frammi en reyndi að bæta mér það upp með því að komast á svið. Mér leið þó best einn með sjálfum mér og svo í þröngum spilverks- og vinnahópi en að öðru leyti var ég óframfærinn og hélt mig til baka. Ég var sérdeilis óruggur innan um stelpur, þær voru ólíkar móður minni, sem var eina konan sem ég þekkti í þá tíð. Smám saman rjáltaðist þessi feimni af mér, þó enn sé ég nervös og kvíðinn, en ég hef lært að lifa með þessu og nota ástandið mér til framdráttar á sviðinu.

Nafn þessarar hljómsveitar hefur verið valið flottasta hljómsveitarnafnið í íslensku tónlistarsögu. Hvað finnst þér um nafnið?

Já, þetta er dálítið sniðugt nafn og þegar við spilverkar tókum okkur nafnið í munn í byrjun, þá var fram- burðurinn jafnan hafður þannig að þjóðanna, var ávallt fram borið með minnst sex N-um: þjóðannnnnnna, með sérstakri áherslu á annað atkvæði orðsins. Mig minnir að þessi talsmáti hafi komið frá skólalábróður okkar og núverandi fréttahauki á Ríkisútvarpinu. Á gömlu gufunni var síður hjá þulum, að kynna óþekktar tónlistarmenn, sem þarlanda listamenn, okkur þótti nafngiftin og hafa skyldleika við þessi hugtök. Þá hrifumst við einnig af einni merkingu orðsins, spilverk, en það er lítill lágur veggur. Ég var alltaf hrifnastur af þeirri merkingu, við vorum alin upp í kalda stríðinu og lítill, yfirstíganlegur veggur var eitthvað jákvætt.

Gefið hefur verið út að Spilverkið hyggist koma saman aftur, en Þursaflokkurinn kom aftur saman 2008. Kitlar alltaf að kalla gömlu hljómsveitirnar aftur saman?

Hluti af þessu er að endurupplifa gamla glæpinn og jafnframt er það löngun til að endurupplifa liðinn tíma. Músikin er eitthvert albasta tímahylki sem maðurinn þekkir. Þegar þú ferð aftur inn í músík sem þú spilaðir fyrir þrjátíu árum þá ferðast þú aftur í tímann og minningin lifnar á ný. Reynslan er ótrúleg og það er ekki fjarri lagi að þetti orki á mann líkamlega sömuleiðis, þannig finnur maður sig ungan aftur. Það er ótrúlegt hvernig minningin situr í bakhöfðinu, raddböndunum og jafnvel fingrunum. Þá er þetta og upprifjun á gamalli og náinni vináttu, sem verður oftast en ekki til í nánú hljómsveitarsamstarfi því er þetta spennandi tilhugsun og ég vona svo sannarlega að okkur takist að koma Spilverkinu saman á nýjan leik, þó ekki væri nema fyrir eina litla kvöldstund.

Ofan á þetta allt ertu þekktur sem söngvari poppgóðsagnanna í Stuðmönnum. Er rétt að þú hafir þó aldrei haft áhuga á popptónlist?

Já, það er rétt, ég hef aldrei verið mjög hrifinn af popptónlist. Ég hef alltaf hrifist af leitandi framsækinni tónlist og mér finnst mér hafa tekist best upp við mína tónlist þegar hún rær á framsæknu dökku miðin. Auðvitað hef ég mikið utan í popp en ég er miklu hrifnari af óráðum hugsunum og þyngri slögum. Grunnslóðin er fyrir lítil skip, ég vil hafa seglið og stefna dýpra í öldufans. Örlagadísirnar tældu mig hins vegar annað.

Hvernig vildi það þá til að þú ákvaðst að taka þátt í þessari popphljómsveit?

Við vorum skólafélagar og urðum mjög góðir vinir, þetta voru strákar í sérflokk, algjörlega frábærir drengir, vel gefnir og höfðu óbeislaða þrá til að gera eitthvað fallegt og skemmtilegt og ég sogaðist inn í þennan góða félagsskap. Við þurftum að finna okkar leið og þessi tónlist var leiðin. Við erum verðandi táningar þegar Bítlarnir koma fram, við ánetjumst æðinu. Allir vorum við frá millistéttarheimilum þar sem vilji var til að beina okkur inn á háleitar klassískar brautir tónlistar, en við vorum trúflaðir og í álögum af þessum tíma og þekktum ekki fegurri samsetningu hljóðs en frá gítar, bassa og trommum. Eftir á get ég spurt: „Hefði ég viljað fara einhverja aðra leið?“ og ég svara neitandi því þetta er mín leið, hún varð að vera þessi því öðruvísi er hún ekki mín. Stór partur af því að verða fullorðinn er að sættast við hlutskipti sitt. Ég hef sæst við þetta, en ég hef líka viðurkennt fyrir sjálfum mér að ég var aldrei mjög hrifinn af þessari tónlist. Ég hlustaði á tónlist sem jafndrum mínum þótti yfirleitt leiðinleg, ég var hálfildings nörd hvað þetta snertir. Ég var um tíma á leið til Milanó að læra að verða alvörusöngvari, en áður en ég gat snúið plötunni við voru bæði Spilverk og Stuðmenn orðin að fyrirbæri og við komnir á kaf í vinnu við að búa til músík, skemmtitónlist. Mest af því var rétt þökkalegt en svo er hitt sem er bara „asskotu“ góð slagaramúsík með enn betri textum.

Þegar við fórum að þýða fyrir hann textann þá missti Bítillinn andlitið. Hann skildi ekki hvernig mönnum gat dottið í hug að setja texta við þetta fallega lag sem fjallaði um það að míga úti.

Hvað finnst þér um íslenska popptónlist í dag?

Það er mikil gróska og það er gaman að sjá hvað það er mikið af flinku fólki og fínun hljómsveitum. Ég öfunda þetta fólk fyrir að vera svona flinkt og vera uppi á þessum tímum sem eru skemmtilegir vegna þess að samfélagið tekur þessu eins og alvöru músík. Sem betur fer átta menn sig á því í dag að popp er líka músík og nú skynja menn miklu betur að þetta er bara spurning um góða og vonda músík yfirleitt. Þannig hefur þetta verið á öllum tímum, meira að segja þegar Beethoven var og hét þá var líka til vond og góð tónlist. Það er þannig með obbann af músík, að tíminn mun sópa henni burt og þá er öðru haldið til haga. Við getum sagt að Beethoven sé búinn að sanna sig og svo eru til dæmis Bítlarnir á góðu róli og komnir langleiðina með þetta (hlær).

Þú tókst þátt í tónlistarmyndbandi hjá Steinda Jr. og lékst í Mannasíðapáttunum hans nafna þíns, Gillz. Er þetta einhver leið til að ná til nýs markhóps með þína list?

Ég veit það nú ekki, þetta er meira viðleitni mín til að segja: „Ókei, ég kann að vera „grumpy old man“ og hef ýmislegt á hornum mér“ en ég er forvitinn um þetta fólk,

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 090253.

Upphaldsmatur: Fiskur.

Upphaldsstaður í heiminum: Flókið, ég held að ég myndi segja norðurhluti Íslands.

Upphaldslag úr eigin smíðu: Það er nú síður að gera ekki upp á milli barna sinna en af því að þau eru ekki af holdi og blóði og munu ekki hefna sín á mér þá myndi ég segja Álagapula Gláms.

Upphaldshljóðfæri: Selló.



hvað er það að hugsa, skil ég þá hugsun?

Annars þykir mér sjónvarp, allt of oft, minna á óskutunnu. Fólk sem þar stjórnar hefur týnt sér í sjálfhverfu og af þeim sökum er miðillinn ekki að spegla samfélagið, sem hlýtur að vera markmið hjá fjölmiðli í það minnsta sem er í eigu þjóðarinnar. Fjölmiðill á að nærast á forsendum þess samfélags sem er þarna úti og endurspeglar það.

Hvert er eftirminnilegasta atvikið sem þú áttir með Stuðmönnum?

Ég held að það hafi verið eftirvæntingin þegar við, rétt rúmlega tvítugir óþekktir stráklingar, gerðum Sumar á Sýrlandi og á einni nóttu kom hún út og var spiluð í drep á einu útvarpsstöð landsins, aftur og aftur alla daga ár og síð. Fyrir hafði ég harla litlar væntingar á yfirborðinu en undir niðri voru væntingarnar auðvitað stórar. Ég held að það hafi verið eitthvað það ánægjulegasta sem maður hafði upplifað. Það næsta sem gerðist hjá þessum ungu mönnum var að þeir fylltust sjúklegum ofurkrafti. Það er erfitt að fóta sig í mikilli velgengni og þetta var mikið ok sem sett var á unga menn. Við stóðumst það flestir, en í raun varð maður aldrei samur, það klikkaðist eitthvað í mínu fari, ég viðurkenni það, en tel mér trú um að ég hafi samt jafnað mig að mestu hvað það varðar.

Þú hefur stigið á stökk með Bítlinum Ringo Starr í Atlavík '84. Er það eitthvað sem stendur upp úr eða var þetta eins og hvert annað gígg?

Það var auðvitað einstök upplifun að hitta eitt af átrún- aðargöðum æskunnar. Menn mega ekki gleyma því að fjarlægðin sem var þá milli goðsins og aðdáandans var miklu meiri en í dag í margvíslegum skilningi. Nálgun okkar við goðin í den var í formi svarthvítra ljósmynda niðri í Frimerkjásölu við Lækjargötu, ekkert var sjónvarpið og þetta var löngu fyrir daga myndbandsins. Þetta var því einstakt og algjör tilviljun að hann skyldi koma og heiðra okkur með nærveru sinni. Það var Jakob sem kom þessu til leiðar, hann talaði við umboðsmann Ringos og sá símaði til baka og sagði að Ringo væri í góðu skapi þessa dagana og til í allt. Hann tók þó skýrt fram að hann ætlaði sér þó ekki að spila með okkur, en Ringo lét síðan slag standa eftir einn þrefaldan koniák í íslensku kóki. Lagið Johnny B. Goode var tekið og Gunni Þórðar var með okkur, þannig var tryggt að allt færi vel, Gunni er jú talsmaður upphaflega Mersey-bítsins á Íslandi. Ég man að Ringo hlustaði á okkur og var mjög hrifinn af einu Stuðmannalagi, „Út í veður og vind“, hann féll algjörlega fyrir því. Svo spurði hann: „Um hvað er textinn?“ og þegar við fórum að þýða fyrir hann textann þá missti Bítillinn andlitið. Hann skildi ekki hvernig mönnum gat dottið í hug að setja texta við þetta fallega lag sem fjallaði um það að míga úti (hlær).

Reyndir þú að setja þig í samband við Paul McCartney þegar hann kom til Íslands árið 2000 upp á að spila saman?

Við leituðum náttúrulega að honum úti um alla borg. „Heyrðu Paul, við erum hérna gæjarnir sem hittum Ringo“ ætluðum við að segja (hlær). Nei, hann fór víst með veggjum og mig minnir að það hafi bara verið Jón góði Ólafsson, sem hitti hann.



viðtalið

Hvaða Stuðmannalag hefur þér þótt verkja mesta lukku á giggum í gegnum tíðina?

Með fullri virðingu fyrir öllum lögum Stuðmanna þá held ég að lagið Slá í gegn sé kannski það lag sem hefur höfðað til flestra enda meistaralega samið af Valla. Það inniber einmitt þennan alvarlega undirtón með þessu kómíska ívafi sem er oft galdurinn við mikið af okkar músík. Það er alltaf eitthvað pínulítið sem þú getur tekið alvarlega. Svo er reyndar annað lag, sem ég held miklu meira upp á, en það er Bréf til Báru sem er líka eftir Valgeir. Það er flottasta Stuðmannalagið en það kannast fáir við það. Og svo í bláum skugga, lag Bjólunnar og svo og svo...

Færð þú leiða á Stuðmannalögum?

Já, já, ég þurfti oft að taka á öllu mínu til þess að komast í gegnum þau. Auðvitað er það samt þannig að ég virði það að fólk vill heyra þessi lög og það getur verið gaman að taka eitt og eitt lag við vissar kringumstæður, þar sem eru sannir aðdáendur til staðar.

Má búast við því að þú troðir upp með Stuðmönnum einhvern tímann aftur?

Maður skyldi aldrei segja neitt um það, það er bara spurning hvenær þörfin fyrir að fara aftur í þetta tímahylki kemur. Mér finnst það þó ekki líklegt, þó við séum vel á okkur komin og ellin enn í hæfilegri fjarlægð. Músíkin er ekki eins og fótbolti, svo dæmi sé tekið, því ekki gætum við farið að láta sjá okkur á fótboltaskóm í kappleik. Í fótbolta er þetta bara „hard core“ spurning: „Getur hann hlaupið eða getur hann ekki hlaupið?“ en í tónlist getur maður farið í gegnum lögin án þess að geta það svo að segja, þú bara gerir það og nálgunin er alltaf ný, atgervið er aukatriði. Það er það fallega við kúntina.

Þú gerðir Kristinn nokkum Styrkársson Proppé ódauðlegan á sínum tíma í Með allt á hreinu. Hvað er að fréttu af honum?

Við fréttum af honum síðast þar sem hann var kominn með útfararþjónustu í myndinni í takt við tímann. Ég held að það hafi ekkert gengið alltof vel hjá honum en ég tel að hann sé farinn að sýsla við eitthvað annað núna, það einkennir hann ákveðið ístöðuleysi. Hann er barnslega einlægur og trúir á hið góða í mannum og það fólk bjargast alltaf. Kristinn verður allavega ekki græðginni að bráð með Hörpu Sjöfn sér við hlið.

Af hverju er þessi mynd svona ódauðleg?

Ef ég vissi það væri ég sjálfsagt á öðrum stað í tilverunni. Hún er tímalaus, það er í rauninni enginn tími í myndinni. Stundum gerist það þegar menn koma saman að til verður alveg einstök orka og þetta sumar sem myndin var skotin, 1982, þá var mikil orka í kringum okkur og okkar fólk. Við tókum myndina á daginn og unnum tónlistina á nóttunni, fyrir utan að spila þrjú kvöld í viku á böllum, við sváfum því lítið allt þetta tókutímabil. Við vorum náttúrulega líka á mjög góðum stað í tilverunni, okkur leið vel í því sem við vorum að gera, vorum elskaðir og bornir á höndum og ég er ekki frá því að við höfum stundum haldið að við værum alveg við það að sigra heiminn. Ég held að þessi orka skili sér í myndinni, en að öðru leyti get ég ekkert sagt, svo er það þetta með lukkuna, heilladísirnar sem voru með okkur þarna og oft síðar.

Lendir þú í því að fólk stoppi þig úti á götu og fari með einhvern frasa úr myndinni?

Já, síðast í gær. Þá heilsaði upp á mig mamma fjögurra ára stráks og sagði mér að sonur sinn hefði algjörlega ánetjast myndinni, hann horfði á hana aftur og aftur og hefur frasa úr myndinni á takteinum. Pabbi hans er víst ekki paránægður. Strákurinn er mataður með orðunum: „Einn fyrir Kristin stuð“. Ég sagði mömmunni að hún þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur, það væri margt verra í þessum heimi, strákurinn horfði hins vegar á mig og það hvarflaði ekki að honum að þarna færi maðurinn sem lék Kristin Proppé.

Nú leikur þú í sýningunni Alvöru menn í Austurbæ. Um hvað er þetta verk?

Þetta eru fjórir menn á mismunandi stöðum í tilverunni, sprenglæglegir. Þeir eru einlægir, barnalegir og sjálfhverfir eins og við karlar erum nývaknaðir og svangir. Það er enginn stór sannleikur í þessu, enda er lífið hvunn dags alveg laust við stóru lausnirnar, þeir eru bara að reyna að vera til í einsleitum heimi, sem miðar að því að gera karldýrið næstum óþarft. Þeir uppljóstra sínum hugðarefnum og vangaveltum um lífið. Þetta eru hvítir, vel menntaðir menn, eins og það heitir, sem ættu stöðu sinnar vegna að vera lausir við

vandamál að mestu, en þannig er því ekki farið. Þeir eru eins og við öll, yfirskyggðir af tilgangssleysi, ótta við hið ókomna, reynandi því að gleyma sér í augnabliki angistar og ólugsjó lífsins og þess vegna eru þeir óborganlega myndir.

Hvernig er að vinna með þessum yngri mönnum?

Það er algjör opinberun. Þeir gera stundum grín að mér af því ég nota, að þeirra mati, sjaldheyrð hugtök. Um daginn datt upp úr mér „renaissance“, já, þetta er algjör „renaissance“, það er endurreisn fyrir mig í öllu tilliti. Manni fer bara að blýstanda til lífsins og tilverunnar það er svo gaman hjá okkur. Gunnar Helga er einnig sérlega laginn við gamla hunda eins og mig, þar er góður leikstjóri.

Hvað væri Egill Ólafsson að fást við ef hann væri ekki í neinni listgrein?

Ætli hann væri ekki að sýsla í útfararbransanum? Dauðinn er um margt heillandi. Það getur enginn neitað því að við stefnum öll þangað, dauðinn er hástígg lífsins. Ég segi bara eins og Eggert Stefánsson sagði: „Það mikilvægasta fyrir listamann að hugsa um er; „entransinn“ og „exitið““ Ef „entransinn“ er góður og „exitið“ er gott, þá er allt fengið, því allt sem gerist þar á milli er aukatriði. Á það ekki einnig við um lífið sjálft, hvernig við komum og þá hvernig við kveðjum? Umgjörðin um kveðjustundina er mikilvæg og við eðlilegar kringumstæður er þetta yfirleitt falleg og góð stund, þess vegna get ég séð mig þar, ef ég ekki væri hér.

Okkur leið vel í því sem við vorum að gera, vorum elskaðir og bornir á höndum og ég er ekki frá því að við höfum stundum haldið að við værum alveg við það að sigra heiminn.


ÞETTA EÐA HITT

Tónlist eða leiklist? Það fer alveg eftir hvoru ég er að sinna. Í augnablikinu er það leiklist.

Skeggjö eða skallinn? Ekki er skegg nema skall sé.

Hákarl, hrútspungar og léttmjólk eða sósa og salat? Hvorugt.

Hvort myndir þú frekar koma nakinn fram eða fara í heljarstökk aftur á bak? Ég myndi reyna við heljarstökk.



Kærar þakkir fyrir
Fantagott sumar
og frábærar viðtökur.



Sumardrykkirnir Fanta Exotic og Fanta Lemon
eru að verða uppseldir þetta árið.

Gríptu flösku meðan tími vinnst til.



ELSTA

Þennan jakka saumaði klæðskerinn hann langafi minn fyrir löngu. Mér finnst virkilega gaman að eiga hann og geta notað hann af og til.



BESTA

Þessa bláu oxford-skyrtu keypti ég í American Apparel. Ég valdi hana vegna þess að hún er mjög praktísk og á ég ennþá eftir að finna peysu eða jakka sem passar ekki við hana.



DÝRASTA

Skóna keypti ég í Paul Smith fyrir útskriftina mína. Mér finnst þeir mjög flottir og eru þeir einungis teknir út við mjög sérstök tilefni.

Gull-leggings og gallaskyrtur

Stíllinn kíkti á ljúfmennið **S. Arnór Hreiðarsson**, en hann var að hefja nám í lögfræði við Háskóla Íslands. Arnór hefur mikinn áhuga á tísku og leynast margar skemmtilegar og flottar flíkur í fataskápnunum hans.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?
Nærbuxur, sokkar, buxur, skyrtu, skór.

Hvar verslar þú helst fötin þín? Erlendis og á netinu aðallega. Aftur á móti eru nokkrar virkilega skemmtilegar og góðar búðir á Íslandi, eins og til dæmis Kúltúr Menn, Kron Kron, Geysir og Herrafataverzlun K&S.

Áttu þér einhverjar fyrirmyndir hvað varðar fatastíl? Það eru í raun engar sérstakar fyrirmyndir sem ég gæti nefnt, en maður reynir að fylgjast vel með því sem er í gangi, taka það besta, og móta sinn eigin stíl út frá því. Skandinavísk fatahönnun eins og til dæmis Filippa K er einnig mjög flott.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í haust? Dún-

vestið er fullkomin flík í alla staði, þykkar og góðar peysur, hlý boots, gallaskyrtur, chinós í sem flestum litum og fallægur tweet blazer.

fataskápurinn

náttúrulega aldrei fá mér tattú, en ef ég væri þvingaður til þess myndi ég fá mér dreka yfir bringuna, stop-merki í lófann og broskall undir stóru tá.

Hver hafa verið þín verstu tískumistökk? Í grunnskóla átti ég alveg alltof mikið af steiktum fötum, til dæmis gylltar leggings, og þeir sem þekktu mig geta vottað fyrir það. Svo í þökkabót var ég alltaf með tannréttingabeisli, það var ekki fallett.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar? Ég myndi



ÞÆGILEGASTA/ SKRÍTNASTA

Engin orð fá lýst, sjá mynd.

FLOTTASTA

Henrik Vibskov-úlpa keypt í Kron Kron. Ég get notað hana sem sumar- og vetrarjakka þar sem ég get fjarlægt feldinn innan úr henni.



NÝJASTA

Mér var kalt á eyrunum, hjólaði upp í GK og nældi mér í þessa snilldarhúfu.

www.opticalstudio.is



LINDBERG 2030/915 NATURE BUFFALO HORN, WHITE GOLD

ÞAR SEM ÚRVALIÐ
ER AF UMGJÖRÐUM

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Steldu stílnum

The O.C.-stjarnan **Rachel Bilson** gerir sjaldan mistök þegar kemur að tísku og fatavali. Hér stillir hún sér pent upp fyrir ljósmyndarana enda gullfalleg stúlka í flottum fötum. **Stíllinn** fór og svipaðist um eftir svipuðum flíkum.



SKYRTA

TOP SHOP 12.990 KR.

VESKI

SIX 2.995 KR.

BUXUR

TOP SHOP 14.990 KR.

SKÓR

KAUPFÉLAGIÐ 10.995 KR.



Stjörnustríð

Jennifer Love-Hewitt vs. Blake Lively

Stjörnuleikkonurnar Blake Lively og Jennifer Love-Hewitt er báðar glæsilegar í þessum Herve Leger-kjól. Þó er það slúðurrottningin sem ber sigur úr býtum, og það fyrir litavalið. Hún mætti reyndar velja sér aðra skó þegar hún skellir sér í kjólinn næst. En engu að síður glæsileg.

Kim Kardashian vs. Kyra Sedgwick


Glamúrstjarnan Kim Kardashian fyllir fullkomlega út í þennan svarta drungalega kjól. Þrátt fyrir það er Stíllinn hrifnari af síðari útgáfunni af kjólnum og einnig krulluðu ljósu lokkunum hennar Kyru Sedgwick sem gerir hana að verðskulduðum sigurvegara. Vel gert.

Selita Ebanks vs. Jessica Alba

Fegurðardísirnar Selita Ebanks og Jessica Alba eru sjóðheitar í þessum eldrauda síðkjól. Selita geislar af þokka, hún tekur hárið fallega frá andlitinu og leyfir „one sleeve“-lúkkunni að njóta sín. Selita ber því augljóslega sigur úr býtum.

Marie-Ange Casta vs. Kate Hudson

Þær Marie-Ange Casta og Kate Hudson klæddust báðar þessum fallega svarta kjól fyrir stuttu. En þrátt fyrir að þær líti báðar fátánlega vel út, líkar stílnum vel við breytinguna á kjólnum hennar Kate. Hún fær því vinninginn að þessu sinni.



GINNIFER GOODWIN MEÐ
TVÖFALDA BLÁA UMGJÖRÐ

Í bláum skugga

Magga hjá Make Up Store kennir á bláan augnskugga.

Blár augnskuggi hefur fengið slæma útreið síðastliðin ár og hefur þótt algjört hallæri. Sennilega er þetta vegna þess að allir fengu nóg af bláum augnskugga í gegnum sjöunda til níunda áratugarins. Frá 1960 voru allar Barbie-úklur með bláan augnskugga. Andy Warhol gerði myndir af Marilyn Monroe, Jackie Kennedy og Elizabeth Taylor allar með ýktan bláan augnskugga. Síðan kom diskótímabilið og blái skugginn þótti algört æði! Eftir það, þegar kona sást með bláan augnskugga hlaut það að vera algjört glappaskot eða hún alveg föst í sama farinu og þurfti alveg áreiðanlega á förðunarkennslu að halda.

En nú er blár augnskuggi loksins að koma aftur í alvöru og það þarf enginn að líta út eins og strumpur því bláu litirnir eru bara dálítið „elegant“ í haust eins og sjá má hjá mörgum snyrtivörumerkjum fyrir veturinn 2011.

Það skemmtilega við bláa litinn er að hann fer nánast öllum, sama hvort litið er á augnlit, húðlit eða hárlit. Blár augnskuggi getur frískað upp á þreytt augu, dregið úr roða og bláum baugum og lífgað upp á litlausu húð.

Það var eftirtektarvert að á mörgum tískusýningum í vor sáust mjög fallegir bláir augnskuggar og er maður nú farinn að sjá stjörnur skarta bláum augnskuggum. Haustlína Make Up Store ber nafnið Show Girl og í línunni eru geggaðir bláir litir. „Varieté“ er glitrandi kóngablár augnskuggi, „Nightclub“ er ljósgráblár augnskuggi og „Dancing Queen“ er glitrandi blár glimmer-eyneliner.

BLÁ AUGNUMGJÖRÐ

Nokkur skref til að framkvæma dramatíska bláa augnumgjörð með nýju Show Girl-línunni úr Make Up Store.

- 1 Berið Eyeprimer-krem á allt augnlokið. Þannig endist augnförðun lengur. Notið bursta og berið örllítið krem yfir allt augnlokið og upp að augabrún og einnig undir augu. Eyeprimer er einnig fánlegur í húðlit til að hylja sjáanlegar æðar og þreytumerki í kringum augu.
- 2 Veldu bláan augnskuggatón sem fer vel við húðlit þinn. Berið ljósbláan augnskugga eins og „Nightclub“ yfir allt augnlokið. Dreifið augnskugganum með mjúkum blöndunarbusta upp að augnbeininu.
- 3 Notaðu dökkbláan augnblyant eins og „Deep Blue Sea“ á hálfitt augnlokið, út í endann á efra augnlokinu. Berið blyantinn einnig undir augu en eingöngu út í enda. Dragið blyantinn aðeins út og mýkið með litlum bursta.
- 4 Berið dekkri bláan augnskugga eins og „Varieté“ yfir augnblyantinn. Notið hreinan augnskuggabursta og blandið litnum saman við blyantinn og ljósari bláa litinn.
- 5 Berið síðan á svartan blautan eyeliner í örþunna línu yfir allt augnlokið. Ef það er „glamúr“ sem sóst er eftir þá er upplagt að setja rönd af nýja glitter-eynelinernum „Dancing Queen“.
- 6 Brettið upp á augnahárin og berið á nýja maskarann frá Make Up Store, „Multi Lash“. Voila!



Amy Adams




Show Girl



Varieté og Dancing Queen

„Hvernig á ég að geta sungið lagið? Þetta er ómöguleg tóntegund, ég syng lengst upp í rassgati.“ (Harpa Sjöfn, **Með allt á hreinu**, 1982)

FERILLINN



Taylor Lautner

Hæð: 178 sentimetrar
Besta hlutverk: Jacob Black
Staðreynd: Æfði karate í æsku.
Eitruð tilvitnun: Aðdáendur mínir eru þrenns konar: sumir öskra, sumir gráta og sumir þeirra eru eins og loftræsítæki.

1992 Fæðist þann 11. febrúar í Grand Rapids í Michigan-fylki í Bandaríkjunum.

1998 Fer í sinn fyrsta karatetíma.

2000 Fær svarta beltið í karate eftir að hafa æft undir leiðsögn Michael Chaturantabut. Chaturantabut þessi stakk upp á því við Lautner að reyna fyrir sér í leiklistinni.

2001 Fer með lítið hlutverk í sjónvarpsmyndinni Shadow Fury og talar inn á auglýsingu fyrir Rugrats Go Wild. Sama ár birtist hann á skjánum í litlum hlutverkum í The Bernie Mac Show, My Wife and Kids og Summerland.


2002 Flytur ásamt fjölskyldu sinni til Santa Clarita í Kaliforníu til að vera nær leiklistarsenunni.

2005 Landar sínu fyrsta aðalhlutverki í stórmynd þegar hann leikur hákarlastrákin í myndinni The Adventures of Sharkboy and Lavagirl. Sama ár fer hann með hlutverk í Cheaper by the Dozen 2.

2008 Umboðsmaður Lautner skorar á hann að fara í þrúfur fyrir Twilight-myndirnar og þar landar hann hlutverki Jacob Black. Myndin hefur þénað tæplega 400 milljónir dollara á heimsvísu þrátt fyrir misgóðar undirtektir gagnrýnenda.

2009 Leikstjóri Twilight-myndanna, Chris Weitz, ætlar að skipta Lautner út sem Jacob Black þar sem persónan breytist mikið líkamlega á milli fyrstu tveggja myndanna. Staðráðinn í að halda hlutverkinu bætur Lautner á sig 15 kílóum af vöðvamassa. og fær að leika Black áfram. Sama ár er Lautner verðlaunaður sem besti nýi leikarinn í aðalhlutverki á People's Choice Awards.

2010 Leikur í þriðju Twilight-myndinni.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Hrafnar, sóleyjar og myrri

Myndin, sem byggð er á samnefndri bók eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur og Helga Sverrisson, fjallar um Láru Sjöfn sem er 13 ára stelpa sem tekst á við sorgina eftir að hafa misst pabba sinn og bróður í bílslysi. Hana langar helst að loka sig af þegar sumarleyfið hefst en sú áætlun á eftir að breytast þegar

hún flækist óvænt inn í dularfulla og spennandi atburðarás. Lára eignast nýja vini sem eiga í höggi við illa gefna smákríma og slóttugan stjórn-málamann sem svífst einskis. Nýr heimur, fullur af óvæntum ævintýrum, opnast Láru sem ákveður að taka málin í sínar hendur.

Leikstjórn: Helgi Sverrisson og Eyrún Ósk Jónsdóttir.
Aðalhlutverk: Victoria Björk Ferrell, Ísak Hinriksson, Laddi og Edda Björgvinsdóttir.
Lengd: 90 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Kringlunni.

Aðrar frumsýningar: Abduction - Contagion - Hoodwinked Too! Hood VS. Evil

FRUMSÝND 30. SEPTEMBER

f VILTU MIÐA? Monitor ætlar að gefa miða á Hrafnar, sóleyjar..., fylgstu með... facebook.com/monitorbladi

ENN MEIRI m.mbl.is




m.mbl.is var valinn farsímavefur ársins fyrir árið 2010. NÚ ÆTLUM VIÐ AÐ GERA ENN BETUR 2011.

Flairi efnisflokkar, vefsíónvarp mbl, Smartland og margt fleira er meðal nýjunga sem þú getur nálgast í símanum þínum.

Nú tekurðu vinsælasta vef landsins með þér hvert sem þú ferð og ert alltaf með nýjustu fréttirnar í símanum.

Fáðu fréttirnar þegar þú vilt. www.m.mbl.is

mbl.is
- VILTU VITA MEIRA?



Fínasti bardaga-kappi

Myndin fjallar um bræðurna Brendan (Joel Edgerton) og Tommy (Tom Hardy) sem hafa ekki talast við í mörg ár. Þeir ákveða síðan að skrá sig í stóra MMA-keppni (blandaðar bardagaíþróttir) án vitundar hvors annars. Inn í þetta blandast svo faðir þeirra sem hafði gert þeim lífið leitt á árum áður og því stefnir allt í að keppnin verði á endanum uppgjör þeirra allra við fortíðina.

Sagan er nokkuð hefðbundin. Fjölskyldudramað milli þeirra feðga er pumpað allverulega upp og ljóst að mikið hefur gengið á áður en allt fór til andskotans. Við fáum lítið að vita hvað það var nákvæmlega sem gekk á en frekar auðvelt er að lesa á milli línanna. Það er sniðug nálgun á svona sögu sem býið er að segja milljón sinnum. Þannig fær áhorfandinn að ímynda sér þetta aðeins sjálfur og því minni kröfur um frumleika. Svona svipað og þegar maður fær ekki að sjá alveg allt skrímslið í skrímslamyndum. Myndin er vel uppbyggð og tekur sér góðan tíma í að undirbúa hlutina. Formúlan er þó aldrei langt undan og fannst nokkrum bíófélögum mínum klisjurnar orðnar fullmargar á tímabili. Það truflaði mig þó aldrei að neinu ráði. Myndin náði mér alveg. Hún er átakanleg og ég fann til með þeim feðgum. Það sem mér fannst þó standa upp úr er frammistaða Nick Nolte. Hann ris svo sannarlega upp úr öskustó síns ferils og sýnir hvers megnugur hann er. Ég hef reyndar alltaf fílað Nolte sem leikara og hafði því sérstaklega gaman af því að sjá hann njóta sín hér. Nolte-aðdáendur ættu því ekki að verða fyrir vonbrigðum. Tom Hardy er líka flottur og alveg fíranlega massaður.

Þannig að þrátt fyrir að ein og ein klisja hafi verið á gráu svæði þá fannst mér myndin í heild sinni ganga upp. Ég fór allaveganna sáttur heim.

Kristján Sturla Bjarnason



TÖLVULEIKUR



Víbrandi gleði

Á haustin kemur sölukippur í tvennt; hjálpartæki ástarlísins og þrjónanámskeið, en ástæðan er einföld. Með útgáfu Fifa-leikjanna ár hvert hverfa bændur af heimilum sínum og inn í heim knattspyrnunnar. En ef það er eitthvað í þessum heimi sem hægt er að stilla klukkuna sína eftir þá er það útgáfa Fifa-leikjanna, en þeir hafa vandið komur sínar á haustin allt frá árinu 1993. Í þessari nýjustu útgáfu leiksins hafa verið gerðar meira en 200 breytingar.



Fifa 12

AAAAA

Tegund: Fótboltaleikur

PEGI merking: 3+

Útgefandi: EA Sports

Dómar: Gamespot 9 af 10 / IGN 9,5 af 10 / Eurogamer 9 af 10



Fyrsta sem maður tekur eftir í þessari nýju Fifa 12-útgáfu er að spilarar fá XP stig fyrir allt sem þeir gera, en þessi stig segja öðrum hversu góður þú ert og hjálpa þér einnig að styðja við þitt uppáhaldslið, en þitt lið fær XP punktana þína sem hækka það á heimslista allra liða. Stærsta breytingin á Fifa í ár er svokölluð „impact engine“ en þessi grafíkvel er grunnurinn sem leikurinn keyrir á. Það sem gerir hana ólíka fyrir útgáfum er að nú eru allir árekstrar og samstuð leikmanna mun raunverulegri en áður. Þetta gerir það að verkum að spilarar lenda í fleiri óvæntum uppákomum sem gerir leikinn meira lifandi og ófyrirsjáanlegri. Önnur stór breyting í leiknum er varnarkerfið. Í fyrri útgáfum var nóg að halda inni tveimur tökkum til að verjast, en núna þurfa leikmenn að vanda sig betur og ýta á takkana á réttum tíma. Einnig er kominn takki sem gerir spilurum kleift að ýta við andstæðingunum með olnbognum og toga í öxl. Þetta gerir varnarvinnuna skemmtilegri og óútreiknanlegri. Aðrar breytingar eru meðal annars að leikmenn eru með hærri gervigreind en áður og bregðast því við á velli líkar því sem gerist í raunveruleikanum, meidsli leikmanna eru í takt við brotin sem þeir lenda í og margt fleira.

Netspilun leiksins hefur líka verið tekin í gegn og er hún mun fjölbreyttari en áður og inniheldur fleiri möguleika. Grafíkin í leiknum hefur verið fínþúsuð og hefur aldrei lítið betur út en nú. Hljóð og tónlist er til fyrirmyndar, en heyrna má mismunandi köll áhorfenda eftir því á hvaða velli leikmenn eru staddir á og tónlistin inniheldur gott úrval nýrra og reyndari tónlistarmanna.

Það er því hægt að lofa víbrandi gleði um allan heim í þessum besta fótoltaleik allra tíma.

Ólafur Þór Jónsson



Drepur unga fólkið útvarpsstjörnuna?

Það er alltaf notaleg tilfinning sem fylgir því að kíkja í heimsókn til ömmu og afa. Þá er misjafnt hvort það sé vegna þeirra blíða viðmóts sem tekur alltaf á móti manni, lambalægeranna sem amma eldar, frásagnanna hans afa eða einfaldlega vegna rólegu stemningarinnar sem heima hjá þeim ríkir.

Þessi sérstaka stemning samanstendur af ýmsu, þar á meðal útvarpinu. Heima hjá ömmu og afa er nefnilega gamla góða Gufan, Rás 1, oftast en ekki í gangi. Það er eitthvað við þessa útsendingu, yfirvegaða og skýra fréttalesturinn, klassísku tónlistina og ódauðlegu stefin sem leikin eru milli dagskrárliða, sem skapar þessa rólegu stemningu.

Ástæðan fyrir að ég tengi Gufuna strax við ömmu og afa er einfaldlega vegna þess að ég heyri hvergi annars staðar í þessari útsendingu og sennilega á það sér mjög einfalda skýringu. Kynslóðin sem amma og afa tilheyra ólst upp við útvarpið sem helsta afþreyingarmiðilinn. Á þeirra æskuárum hlammaði fjölskyldan sér ekki á sófann til að horfa á sjónvarpið, félagarnir hittust ekki til að spila PlayStation og vinkonurnar hittust svo sannarlega ekki til að horfa á nýjasta þáttinn af Gossip Girl af flakkaranum. Í þá daga raðaði fólk sér í kringum útvarpstæki til að hlusta á hámenningarleg útvarpsleikrit eða fagaða viðtalsþætti.

Sjálfur hlusta ég arfasjaldan á útvarp, einu skiptin sem ég kveiki á útvarpstæki er í bílnum. Með öðrum orðum sæki ég mér voða sjaldan afþreyingu í útvarpið en þrátt fyrir það

hafa þættir eins og Tvíhöfði og Harmageddon, sem sennilega eru vinsælustu útvarpsþættirnir hjá minni kynslóð á síðustu árum, ekki farið framhjá mér. Þótt ég þykist ekki vera neinn áhugamaður um útvarp hef ég oft staðið mig að því að vera í hláturskasti yfir Tvíhöfða að gera símahrekk eða yfir því þegar Harmageddon-liðar fara yfir Þjóðmálin og allt er látið flakka. Rauði þráðurinn í báðum þessum þáttum voru eða eru fíflalæti og báðir voru þeir eða eru sprenglæglegir.

Þessi pistill er ekki til þess gerður að fussa og sveia yfir fíflalátum í útvarpi heldur fékk þetta mig til að hugsa um muninn á hámenningunni sem amma og afa hlusta á annars vegar og fíflalátunum sem ég og mínir skemmtum okkur yfir hins vegar. Mun það skyndilega gerast einn daginn þegar ég eldist að mér hætti að finnast fíflalætin myndin og dagskrá Gufunnar fari að höfða til mín? Eða munu barnabörnin mín heyrna menn gera símaöt og rífa kjaft í útvarpinu þegar þau kíkja í heimsókn til afa síns? Þrást smekkur minnar kynslóðar, ef hægt er að tala um slíkan, með henni eða eldist hann af henni?

Eflaust er ógerlegt að spá fyrir um þróun mála í útvarpi og að sama skapi væri eflaust hægt að heimfæra þetta yfir á aðra miðla svo sem prentmiðla. Ég efast um að amma og afa hafi mikið verið að velja sér upp úr því hvort þessi stjörnu-lögfræðingur ætti barn með þessari eða ekki. Hvað útvarpið varðar gæti meira að segja farið svo að það einfaldlega deyi út með minni kynslóð, enda held ég að það sé afar sjaldgæft að fólk á mínum aldri velji útvarp fram yfir sjónvarpið, tölvuleikina eða internetið þegar kemur að því að drepa tímann, en það er einmitt hlutverk tímans að leiða þessa ráðgátu í ljós.



ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is

ERT ÞÚ AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?

monitor@monitor.is



Allt að gerast - alla fimmtudaga!



500XL Hátalarar: 6.900 kr.



iPlunge símastandur: 1.490 kr.



mimobot 4GB USB kubbar: 4.500 kr.

Ný og skemmtileg gjafavara!



www.dogma.is

FM BELFAST Á FAKTORÝ
Fimmtudagur 29. september
Faktorý kl. 21



Meiri sviti en venjulega

„Við erum ótrúlega spennt fyrir að spila hérna heima aftur, líka á aðeins smærri stað en venjulega. Síðustu skipti sem við höfum verið að spila hérna heima höfum við oftast spilað á stærri stöðum, en bæði er náttúrulega skemmtilegt,“ segir Árni Plúseinn, einn meðlima FM Belfast. Hljómsveitin heldur tónleika hérlandis í fyrsta skipti í langan tíma á Faktorý í kvöld. Það fellur í hlut Nóló að hita upp. „Þarna verður aðeins meiri nálægð og líklega meiri sviti en venjulega.“ Húsið opnar kl. 21:00 en FM-liðar stiga á stökk kl. 23:00. Miðaverð er 1.500 kr.

fílófaxið

fimmtudagur **29** sept laugardagur **1** okt

BUBBI MORTHENS Á AKUREYRI

Græni hatturinn
20:30 Kóngurinn ferðast um landið í haust þar sem hann leikur gamalt efni í bland við nýtt ásamt því að ræða málefni líðandi stundar við áhorfendur. Nú stoppar Bubbi á Græna hattinum. Miðaverð 2.500 kr.



föstudagur 30 sept

Í MINNINGU SISSU

Hof
20:00 Tónleikar til styrktar minningarsjóði Sigrúnar Mjallar, sem lést af völdum ofneyslu fíkniefna aðeins sautján ára, fara fram í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Fjöldinn allur af tónlistarmönnum kemur fram, þar á meðal Friðrik Dór, Eyþór Ingi, Páll Óskar og fleiri. Miðaverð er 2.900 kr.

HÚSAVÍKURKVÖLD

Spot
22:00 Hljómsveitin SOS frá Húsavík blæs til dansleiks á Spot í Kópavogi með Ínu Valgerði Pétursdóttur í fararbroddi. Hljómsveitin hefur leikið á fjölmörgum böllum á norðurlandi og gerir tilraun til að trylla höfuðborgarsvæðislyóðinn á föstudaginn.

CAPTAIN FUFANU DJ-SET

Faktorý
23:00 Rafdúettinn Captain Fufanu þeytir skífum á Smiðjustíg 6 í miðborg Reykjavíkur fram eftir nóttu. Fritt inn.

AFMÆLISHÁTÍÐ AUS

Ráðhús Reykjavíkur
13:00 Sjálfboðaliðasamtökin Alþjóðleg ungmennaskipti fagna því að 50 ár séu liðin frá því að fyrstu sjálfboðaliðarnir flugu út í hinn stóra heim á þeirra vegum. Þar fer fram fjölbreytt dagskrá og eru allir velkomnir.



CHARLIE MURPHY UPPISTAND

Eldborg
20:00 Uppistandsgrínistinn Charlie Murphy treður upp í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Murphy er bróðir hins heimsfræga Eddie Murphy og hefur getið sér gott orð meðal annars í þáttunum Chapelle's Show. Miðaverð er 6.500 kr.

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108 // URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // APÓTEK HAFNARFJARDAR, Tjarnarvöllum 11 // ARBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER, Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK GARÐABÆ/EAR, Litlatúni 3



Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan



LOKAPRÓFIÐ

| 29. september 2011 |



Ég heiti Gréta Morthens

Ef ég væri ekki Gréta Morthens væri ég

Þú veist hver ég er af því að

Ég er dóttir Pabba míns.

Ástin er

- a) erfíð.
- b) ótrúlegt fyrirbæri sem getur vakið upp hlátur og grátur.
- c) háskaleikur.
- d) eitthvað sem ég á eftir að upplifa.
- e) _____

Það besta við Fjölbrautaskólann í Garðabæ

- a) er stutta fjarlægðin heim því ég get alltaf farið heim í hléum.
- b) eru allir vinirnir sem ég hef eignast þar.
- c) eru allir kennararnir sem kenna mér og ég vona að ég fái hæstu einkunn í öllu með því að haka í þennan valmöguleika.
- d) er félagslífíð.

Það erfðasta við að vera dóttir Bubba Morthens

- a) er óttinn við að verða skollótt einn daginn.
- b) eru allar spurningarnar sem ég fæ frá ókunnugu fólki.
- c) er að fá alltaf öll lögin hans á heilann.

Ér ekki neitt því að hann er svo yndislegur faðir.

Þegar ég vil slaka á og næra sálina finnst mér best að

- a) fara upp í Kjós.
- b) standa á döðrum fæti.
- c) leggjast niður á þeim stað sem ég er hverju sinni og anda djúpt.
- d) lesa ævisögu Marilyn Monroe.

SATT OG ÓSATT

Ég er svo dugleg að ég vinn bæði á Úrillu Górrillunni og á Austur.

© _____

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Gréta Morthens (er gífurlega stórkæm)



- a) Gréta Mjöll Samúelsdóttir, knattspyrnu- og söngkona
- b) Gréta Mar Jósépsdóttir, þátttakandi í Ástarfleyinu
- c) Grétar Rafn Steinsón, knattspyrnumaður
- d) Grétar Örvarsson í Stjórninni

af því að hann er Hot

Það sem fáir vita um mig er

Ég er ný komin með bílpróf!!

Þegar ég verð stór ætla ég að verða

- a) fyrirsæta.
- b) forstjóri.
- c) flugfreyja.
- d) fararstjóri.
- e) fremst meðal jafningja.

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá

Nicole Kidman til

að leika mig en líklega yrði það samt

Gwyneth Paltrow

Ég elska

- a) þegar gaurar gefa mér auga.
- b) þegar ég er búin að gera mig fina og er að fara út á lífið.
- c) að fara á gott kaffihús.
- d) að liggja á sólarströnd í framanlandi.

Síðasta sms sem ég fékk var frá

Mömmu og í því stóð er á fundi, er allt ok?

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Eitthvað vænt um og sattu um ást og unthuggu.

Síðast en ekki síst

» Margrét Erla Maack, fjölmiðladís og sirkusdýr, fílar:

Kvikmynd: The Court Jester frá 1956. Hún er myndin, í henni eru stórkostlegir leikarar; Angela Lansbury, Danny Kaye, Glynis Johns og svo leikur Basil Rathbone vonda kallinn. Tónlistin er mjög góð, þarna er orðagrín og búningarnir eru frábærir.



við upphaldsmatinn manns. Ég fíla indverskt. Þess vegna dansa ég Bollywood.

Plata: Sama hvað ég reyni að þroskast dett ég alltaf í Elephant með White Stripes. Jack White skilur mig. Já, og ekki má gleyma Pocket Disco með Glass Baby!



Vefsíða: www.foodgawker.com. Matarklám af bestu gerð. Þessi síða kenndi mér t.d. að búa til bjórastofundú.

Staður: Þessa helgi er það Tjarnarbíó, þar sem sirkusinn minn er með sýningu bæði laugardag og sunnudag kl. 2. Einstæðar mæður hulla, blind-ir dansa, ofurhugar sýna listir á hjólaskautum. Og ég skipti 14 sinnum um kjól.

Þáttur: Americas Next Top Model er best. Nýjasta þáttaröðin er sniðug: Góðar týpur frá fyrri þáttaröðum. Upphaldið mitt, hún Shandi Sullivan, er samt ekki með, True Blood og Game of Thrones saman í 2.-3. sæti.



Bók: Mig langar svo mikið að hafa athyglisspan og tíma til að lesa bækur. Ég fékk einu sinni að gjöf bók sem heitir 1000 Indian Recipes. Hún er líka í samræmi við kenningu frænda míns um að maður eigi að stunda hreyfingu í takt



**Bjóddu til veislu með
Casa Fiesta**

CASA FIESTA



Fáðu dagskrá RIFF beint í símann þinn

Skoðu dagskrá RIFF í farsímanum þínum.
Á M.siminn.is getur þú lesið um allar myndirnar
á hátíðinni og horft á sýnishorn úr þeim.



Skannaðu kóðann og þú gætir átt möguleika
á að vinna miða á RIFF hátíðina.

Gildir aðeins fyrir viðskiptavini Símans og Ring.

Síminn 